

Nótatrygging

Skilmáli nr. M-11

1. gr. Það sem félagið bætir:

Bætt er tjón og kostnaður sem hér segir:

- 1.1 Algert tjón ef nót ferst með skipinu.
- 1.2 Algert tjón og partstjón, ef þau stafa beinlínis af því að skipið strandar, sekkur, því hvolfir, eða það rekst á annað skip, fasta hluti eða fljótandi.
- 1.3 Brunatjón, einnig meðan verið er að flytja nót um borð eða frá borði.
- 1.4 Þáttaka í samtjóni, samtjónskostnaði og hliðstæðum kostnaði, sem og björgun.

2. gr. Takmörkun bóta

2.1 Enda þótt nót hafi verið vátryggð fyrir ákveðinni upphæð, áskilur félagið sér rétt til að miða bætur fyrir algert tjón við sannvirði hennar, eftir aldri og ástandi.

2.2 Ef skip hefur samtímis tvær eða fleiri nætur um borð, fellur aðeins ein nót undir vátryggingarskírteini þetta.

3. gr. Sameiginlegir skilmálar – lög um vátryggingarsamninga

Um vátryggingu þessa gilda jafnframt sameiginlegir skilmálar félagsins um aflu og veiðarfæratryggingu nr. M-9, eftir því sem við á og lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2006